

9. gr. laga nr. 11/1975. Sé helmingur væntanlegra eftirstöðva barnabóta því undir 45 000 krónum kemur hann ekki til útborgunar fyrirfram.
2. Þeir sem óska fyrirframgreiðslu skulu senda umsókn þar að lútandi í tvíriti til skattstofu í umdæmi sínu. Skal umsókn þessi gerð á þar til gerð eyðublað sem liggja frammi hjá skattstjórum, umboðsmönnum þeirra og innheimtumönnum ríkissjóðs.
  3. Umsókn skal fylgja skattframtali umsækjanda árið 1979. Umsókn og framtal skal leggja í umslag og merkja það: Umsókn um fyrirframgreiðslu barnabóta.
  4. Ef um er að ræða sambýli fólks, sem átt hefur börn saman, skulu skattframtöl beggja sambýlisaðila fylgja umsókn.
  5. Umsóknarfrestur er hinn sami og almennur skilafrestur framtala, þ. e. 31. janúar 1979. Þeir sem hafa annan skilafrest framtala en að ofan greinir skulu hafa sent inn umsókn í allra síðasta lagi 28. febrúar 1979.
  6. Skattstjóri áætlar á grundvelli framtals og umsóknar hvers gjaldandi megi vænta til útborgunar af barnabótum árið 1979. Síðan tilkynnir skattstjóri umsækjanda ef umsókn er synjað en samþykktar umsóknir munu berast hlutaðeigandi innheimtumanni ríkissjóðs, sem annast útborgun. Útborgun fyrirframgreiðslu er háð takmörkun fjárhæðar skv. 1. tölulið hér að framan og að umsækjandi (og sambýlisaðili ef við á) eigi ekki vangreiddar eftirstöðvar þingjalda frá fyrri árum.
  7. Stefnt er að því að útborgun barnabóta samkvæmt umsóknum, sem borist hafa innan 31. janúar 1979, hefjist í mars 1979. Útborgun samkvæmt umsóknum sem berast milli 1. og 28. febrúar hefst ekki fyrr en í apríl/maí 1979. Nánari ákvörðun um útborgunardaga verður auglýst síðar.
  8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1979 verður fyrirfram greidd uppbæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur ber honum að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1978.*

**Tómas Árnason.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

### 1. gr.

Felldur er úr gildi 3. töluliður 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland.

### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1978.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*